

Mál nr. 162/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (H)****og****Vátryggingafélagið Y v/húseigendatryggingar (V)****Vatnstjón við asahláku og/eða úrhelli þann 23.01. 2011, ágreiningur um greiðsluskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingfélags H til nefndarinnar, dags. 09.05. 2011.
- 3) Bréf vátryggingfélags V til nefndarinnar, dags. 16.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort greiðsluskylda sé fyrir hendi samkvæmt nefndum vátryggingum vegna vatnstjóns sem M varð fyrir við.

Vátryggingafélag H gerir kröfu um frávísun með vísan til 2. mgr. 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndar því M hafi ekki lagt fram tjónstilkynningu né gögn um málið. Jafnframt vísar félagið til e-liðar 1. mgr. 4. gr. nefndra samþykktu þar sem málið sé það illa upplýst að það sé ekki tækt til úrskurðar.

Vátryggingafélag V telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að orsök tjóns M megi rekja til þess að eitt tiltekið niðurfall hafi af einhverjum ástæðum verið stíflað og því hafi sú staða ekki verið uppi að frárennslisleiðslur hafi ekki getað annað því að flytja allt vatn frá en það er ein forsenda bótaskyldu. Þá liggi heldur ekkert fyrir um að það hafi orðið almennt eignatjón á svæðinu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri húseigendatryggingu sem hér um ræðir. Lagt er til grundvallar að um asahláku og/eða úrhelli hafi verið að ræða sem valdið hafi tjóni M í umrætt sinn. Breytir ekki ofanrituðu þó ekki hafi verið sýnt fram á að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu.

Kröfu M á hendur H er vísað frá skv. 2. mgr. 5. gr. samþykktu nefndarinnar líkt og vátryggingafélagið gerir kröfu um.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt húseigendatryggingu V.

Frávísun varðandi kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu H.

Reykjavík 31. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.
